



Mennta- og barnamálaráðuneytið
Skrifstofa barnamála

Reykjavík, 13. maí 2026

Efni: Reglugerð um málsmeðferð vegna vistunar barna með fjölþættar stuðningsþarfir í sérhæfðum vistunarúrræðum á vegum ríkisins.

Reglugerð þessi varðar afar íþyngjandi ákvarðanir gagnvart börnum, þ.e. vistun þeirra utan heimilis, og því er sérstaklega mikilvægt að skilyrði fyrir slíkum ráðstöfunum, kröfur til málsmeðferðar og ábyrgð stjórnvalda séu skýr og í samræmi við réttindi barna. Umboðsmaður barna fagnar því að sérstaklega sé kveðið á um að hagsmunir barns skuli ávallt hafðir að leiðarljósi við meðferð mála og að gæta beri að réttindum barnsins samkvæmt sáttmálum Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. lög nr. 80/2025.

Að mati umboðsmanns barna er mikilvægt að skilgreining 3. gr. reglugerðardraganna á barni með fjölþættar stuðningsþarfir sé sambærileg þeirri skilgreiningu sem lögð er til í drögum að nýjum barnaverndarlögum. Skilgreining 3. gr. draganna er þröng sem gæti orðið til þess að börn með ríka og flókna þjónustupörf falli utan gildissviðs ákvæðisins. Þá vekur orðalag g-liðar 3. gr. draganna upp spurningar er varða börn sem uppfylla öll önnur skilyrði. Samkvæmt ákvæðinu er það eitt af skilyrðum fyrir vistun barns í sérhæfðu vistunarúrræði á vegum ríkisins að talið sé raunhæft að draga úr þjónustupörf barnsins yfir tíma og stefna að aðlögun þess aftur inn á heimili, í fóstur eða annað úrræði á fyrsta eða öðru þjónustustigi.

Að mati umboðsmanns barna getur þetta skapað hættu á mismunun gagnvart þeim börnum sem glíma við mjög flókinn og langvarandi vanda eða fötlun þar sem ekki er talið raunhæft að þjónustupörf þeirra muni minnka með tímanum. Ekki verður séð af reglugerðardrögunum á hvaða faglegu eða lagalegu sjónarmiðum slíkt skilyrði byggir né hvers vegna framtíðarhorfur um mögulega minni þjónustupörf eigi að hafa úrslitabýðingu við mat á því hvort barn teljist vera með fjölþættar stuðningsþarfir.

Umboðsmaður barna telur að ákvæðið geti leitt til þess að börn sem eru í mikilli og viðvarandi þörf fyrir sérhæfðan stuðning falli utan þessarar skilgreiningar, þrátt fyrir að önnur skilyrði reglugerðarinnar séu uppfyllt og ljóst sé að þau geti ekki búið við hefðbundnar heimilisaðstæður. Slík niðurstaða samræmist illa þeirri skyldu stjórnvalda að tryggja öllum börnum viðeigandi stuðning án mismununar, sbr. 2. gr. barnasáttmálans og 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Að mati umboðsmanns barna getur orðalag ákvæðisins gefið til kynna að markmið vistunarinnar sé fyrst og fremst að draga úr þjónustubörf barnsins fremur en að tryggja barninu stöðugleika, öryggi og viðeigandi stuðning til lengri tíma. Mikilvægt er að reglugerðin byggji skýrt á einstaklingsbundnu mati á hagsmunum og þörfum hvers barns en ekki á fyrirframgefnum væntingum um tiltekna framvindu eða árangur þjónustunnar.

Þá telur umboðsmaður barna að mikilvægt sé að skýrt sé kveðið á um kæruehimild vegna ákvarðana sérfræðingateymisins um hvort barn teljist með fjölþættar stuðningsþarfir og eigi þar með rétt á vistun í sérhæfðu vistunarúrræði. Í drögum reglugerðarinnar kemur ekki skýrt fram hvort eða með hvaða hætti foreldrar, barn eða barnaverndarþjónusta geti óskað endurskoðunar á ákvörðun sérfræðingateymis. Ákvarðanir sérfræðingateymisins hafa veruleg áhrif á réttindi og stöðu barns og fjölskyldu þess. Um er að ræða ákvarðanir sem geta haft úrslitaáhrif á þjónustu og stuðning við barn og því er mikilvægt að tryggð sé skýr og aðgengileg leið til endurskoðunar þeirra í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttar.

Enn fremur telur umboðsmaður barna tilefni til að nefna ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar sem kveða á um að barn og fjölskylda þess hafi notið einstaklingsbundinnar þjónustu, meðferðar og stuðnings innan heimilis og í nærumhverfi og að úrræðin hafi verið reynd í nægjanlega langan tíma til að unnt sé að leggja raunhæft mat á árangur þeirra. Umboðsmaður barna leggur áherslu á að við mat á því hvort úrræði teljist fullreynd verði ávallt að horfa fyrst og fremst til þess hvað raunverulega þjónar hagsmunum barnsins. Mikilvægt er að skilyrði um að úrræði skuli reynd í nægjanlega langan tíma leiði ekki til þess að börn séu of lengi í úrræðum sem ekki mæta þörfum þeirra og að nauðsynleg sérhæfð þjónusta dragist með þeim afleiðingum að staða barnsins versni. Meta þarf í hverju tilviki hvort áframhaldandi beiting úrræða innan heimilis og í nærumhverfi barns sé raunhæf, líkleg til árangurs og samrýmist best hagsmunum og velferð barnsins.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna